

Skipulagsstofnun
B.t. Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2019
UST201903-044/J.S.J.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum- Matsskyldufyrirspurn – Breikkun Vesturlandsvegar

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 5. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaaðila að framkvæmdin feli í sér breytingu á um 9 km kafla Vesturlandsvegar, milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegar, sem Vegagerðin fyrirhugar að framkvæma. Um er að ræða breikkun Vesturlandsvegar í 2+1 veg ásamt byggingu þriggja hringtorga, við Móa, Grundarhverfi og við Hvalfjarðarveg.

Fram kemur í greinargerð að vegstæðið muni stækka frá því sem það er í dag, auk þess sem landrými verður tekið frá vegna hliðarvega og stíga. Nýr vegur verður að mestu leiti innan áhrifasvæðis núverandi vegstæðis. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á náttúrufar eru talin óveruleg þar sem svæðinu hefur nú þegar verið raskað undir núverandi veg.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar er í grennd við Hofsvík á Kjalarnesi. Svæðið er tilnefnt vegna fjörivistgerða á framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun (B-hluti). Mikið fuglalíf er á svæðinu árið um kring og ná straumendur alþjóðlegum verndarviðmiðum (194 fuglar), auk þess er fjaran sérstæð einkum vegna fjörumós, klóþangsþjöru og klóþangsklungurs. Verndargildi fjörumós er skilgreindur miðlungs skv. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarnar.


Umverfisstofnun tekur undir með ætlun framkvæmdaaðila að breikkun Vesturlandsvegar verði til austurs, í átt að Esju en ekki niður í átt að fjöru við Hofsvík. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að lágmarka rask á fyrrgreindu svæði auk þess að haga tilhögun framkvæmdar á þann veg að röskuð svæði verði frekar nýtt undir framkvæmdina en óröskuðum.

Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurþorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs. Horfa ætti til vals á staðargróðri sem er einkennandi fyrir hvert svæði við endurheimt gróður á röskuðum svæðum.

Niðurstaða

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur